

# Ársskýrsla Fríðuhúss fyrir árið 2018

## Starfsemin

Fríðuhús er sérhæfð dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun og rekin af Alzheimersamtökunum. Leyfi er fyrir 18 skjólstæðinga á dag. Hér er unnið eftir markmiðum dagþjálfunar Fríðuhúss og lögð áhersla á að styrkja og efla einstaklinginn samhliða því að veita honum öryggi og vellíðan. Reynt er að hafa starfið sem fjölbreytilegast til að höfða til sem flestra. Einnig er veittur stuðningur til aðstandenda í formi viðtala, fjölskyldufunda og boðið er upp á aðstandendakynningar. Hér hefur verið mótað gott starf gegnum árin og skjólstæðingar og aðstandendur hafa sem fyrr verið mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir hafa fengið.

Á árinu 2018 nýttu 31 einstaklingur sér þjónustu Fríðuhúss, 19 konur og 12 karlar. Sjá frekari tölulegar upplýsingar varðandi starfsemina í meðfylgjandi skjali og þar sést líka samanburður milli ára. Það sem helst vekur athygli á liðnu ári er að meðalbiðtími eftir innskrift hefur styðst um helming milli ára og meðaldvalartími skjólstæðingana sem útskrifuðust á árinu hefur aðeins lengst. Einnig var ánægjulegt að sjá að flestir sem útskrifuðust héðan á s.l. ári fóru beint á hjúkrunarheimili.

Á árinu 1017 fengum við leyfi fyrir hæsnahaldi og gefins hæsnakofa og öll uppsetning á honum. Á vormánuðum fengum við síðan gefins 4 landnámsþætur sem fluttu í kofann og hafa þær dafnað vel hér og fá óskipta athygli og dekur frá starfsfólki og skjólstæðingum. Auk ánægjunnar eru þær líka búbót því þær sjá starfseminni fyrir eggjum sem notaður er í heimilisreksturinn.

Eins og áður var stamstarf við Listasafn Ísland í tengslum við verkefni Halldóru Arnasdóttur um Listir og menningu sem meðferð: íslensk söfn og alzheimer. 4- 6 skjólstæðingar fóru ásamt 1-2 starfsmönnum og þeim aðstandendum sem komust með á annað hvort Ásmundarsafn eða Kjarvalsstaði. Þar túlkaði listfræðingur ákveðin verk á staðnum og fékk skjólstæðingana til að túlka það sem þeim fannst um verkin. Gefandi og ánægjulegt samstarf sem vonandi heldur áfram .

Árlegur Basar í Fríðuhúsi var haldinn í október og heppnaðist mjög vel og hefur fest sig í sessi sem hluti starfseminnar.

## **Starfsmenn**

Í upphafi árs byrjaði starfsmaður í 100% vinnu. Í árslok starfa hér 6 starfsmenn í 5,4 stöðugildum. Einn hjúkrunarfræðingur, einn sjúkraliði, einn félagsliði og 3 almennir starfsmenn.

Í apríl var farin starfsmannaferð til Dublína þar sem skoðuð var dagþjálfun sem er sambærileg og Fríðuhús. Við fengum að vera með þeim í hálfan dag og fengum góða yfirsýn og fræðslu um starfsemina. Í stuttu máli varðandi samanburð þá sáum við að við erum að gera mjög góða hluti hér en eftirlit heilbrigðiskerfisins er miklu meira þar með starfseminni. Þessi ferð heppnaðist mjög vel. Allir starfsmenn fóru í ferðina sem var fræðandi, skemmtileg og gott hópefli í starfsmannahópinn. Fengum styrk frá Alzheimersamtökunum og Fríðuhúsi til að fara í þessa ferð

Starfsmenn hússins hafa sótt ýmsa fræðslu hérlandis sem hefur verið í boði sem tengist starfseminni. Einnig sóttu allir starfsmenn skynduhjálparnámskeið.

Tveir sjálfbóðaliðar koma hér vikulega sem hjálpa til við afþreyingu og virkni skjólstæðinganna

## **Utanaðkomandi þjónusta**

Læknisþjónusta fyrir skjólstæðinganna hefur verið sinnt frá Landakoti. Björn Einarsson, læknir kemur í húsið x 1 í viku og höfum við aðgang að honum gegnum síma þess á milli.

Þrif: Hreingerningarfyrirtækið Sólar sér um þrifin og þrifið er x 3 í viku. Almenn ánægja er með þrifin.

Matur: Hádegismatur hefur verið keyptur frá Matborðinu en starfsmenn hússins hafa séð um morgunmat og miðdegiskaffi.

Akstursþjónusta: Ferðaþjónusta Þórunnar hefur séð um akstursþjónustuna. Flestir nýta sér þessa þjónustu (74%) en þó keyra sumir aðstandendur sína hingað.

Fótaðgerðarfræðingur kemur á 6 – 7 vikna fresti og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en þeir borga sjálfir fyrir þá þjónustu

Hárgreiðslukona kemur á ca. 6 vikna fresti og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en greiða sjálfir fyrir þá þjónustu.

Sjúkraþjálfari kemur x 2 í viku og hefur sinnt 8 skjólstæðingum í heima sjúkraþjálfun sem greidd er af Tryggingarstofnun

## **Nemar**

Hjúkrunarfræðinemar af þriðja ári í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands komu hingað í kynningu bæði á haustönn og vorönn. Einnig komu nemar af félagsliðabraut frá Borgarholtsskóla í kynningu. Töluvert hefur einnig verið um heimsóknir fagfólks frá hinum ýmsu stöðum til að kynna sér starfsemina hér.

## **Húsnæði**

Dagþjálfunin leigir húsnæðið hér við Austurbrún af Alzheimersamtökunum og um mitt ár lækkaði leigan sem hefur hjálpað mikið til við reksturinn.

## **Gjafir**

Einn skjólstæðingur gaf 100.000 kr sem nýttar voru í að smíða gerði kringum hæsnaðofann og kaupa góða stóla fyrir útisvæðið.

Fengum gefins 4 landnámsþætur frá velunnar Fríðuhúss

Reykjavík 25. Mars 2019

---

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, forstöðumaður Fríðuhús

---

